

Nd.

## 202. Frumvarp til laga

um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina og veitingaþjónaskólinn.

2. gr.

Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum og gisti- og veitingahúsum.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum nænum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðru nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskýldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera 3 ár, en heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni á veitingahúsi eða farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Skólanum skal stjórnað af skólaráði, sem skipað sé fimm mönnum, er samgöngumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Einn skólaráðsmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Farnanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu sambands veitinga- og gistihússeigenda og tveir án tilnefningar, og sé annar þeirra formaður.

Ráðuneytið ræður skólastjóra, sem jafnframt er bryti skólans, og aðra kennara, að fengnum tillögum skólaráðs.

7. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni, kennaralið og réttindi þau, er skólinn veitir, o. fl.

8. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er skólaráði heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

9. gr.

Allur kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði, en heimilt skal þó skólaráði með samþykki ráðuneytisins að krefja nemendur um skólagjald, sem þá skal ákveðið í byrjun hvers skólaárs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.